



Hægri grænir, flokkur fólksins

Fréttatilkynning

24. maí 2012

Ályktun Hægri grænna, flokks fólksins

Innantóm loforð um 50.000 störf sem ríkisstjórnin hefur gefið fyrirheit um á síðastliðnum þremur árum er skammarlegt lýðskrum af verstu sort. Tjón samfélagsins, eingöngu vegna atvinnuleysis síðan í efnahagshruninu 2008 er að lágmarki 300 milljarðar, sem er meira en árs útflutningsverðmæti allra sjávarafurða. Þegar auglýsingar birtast trekk í trekk í fjölmiðlum með upphrópuninni „Kaupi gull“ fýkur í flest skól. Fólkið í landinu er farið að draga úr sér tennurnar og selja persónulega fjölskyldumuni sér til nauðpurfta. Ávallt er útkoman á úrlausnum stjórnvalda á íslenskum efnahagsvanda : Versta mögulega útkoman fyrir fólkið og fyrirtækin í landinu. Þessi ríkisstjórn verður að víkja.

Stjórn Hægri grænna, flokks fólksins ályktar að stjórnvöldum,

- a) beri að íhlutast strax um fullnustu gengislánadóms Hæstaréttar sem féll 15 febrúar sl. neytendum í hag og beita öllum ráðum til þess að yfir 60.000 fjölskyldur fái til baka frá bönkunum það sem þeim ber samkvæmt lögum,
- b) beri tafarlaust að leysa úr skuldavanda heimilanna og kynna sér hugmyndir Hægri grænna, flokks fólksins um „**Kynslóðasátt**“ og lækkun verðtryggðra húsnæðislána rúm 42% á heimasíðu flokksins www.XG.is, sem og hefði í för með sér aukinn hagvöxt, betri lífskjör og endalok verðtryggingarinnar,

c) beri að lækka verð á eldsneyti með áfnámi opinberra gjalda utan VSK eða um 30%, svo fólkið í landinu komist leiðar sinnar án stórfelldra fjárhagslegra útgjalda. Þetta hefði einnig í för með sér mikinn ávinning fyrir ferðaþjónustuna og smáfyrirtækin í landinu,

d) beri tafaralust að lækka tryggingargjald (launaskatt) um 5 prósentustig, úr 7,79% í 2,79% svo fyrirtækin í landinu geti um frjálst höfuð strokið og byrjað að ráða til sín fólk,

e) að lokum ber sjórnvöldum að afnema ósanngjarna tolla og vörugjöld á ýmsum nauðsynjavörum til þess að halda versluninni í landinu.

Virðingarfyllst,

fh. stjórnar Hægri grænna, flokks fólksins

Guðmundur Franklín Jónsson, formaður

